

litið á, að hér sé um ólöglegan afla að ræða, og hann gerður upptækur sbr. 5. gr., nema í ljós komi, að veiðar hafi ekki verið stundaðar á þeim tíma, sem þorskveiðar eru óheimilar samkvæmt 1.—3. gr. Sama gildir komi fiskiskip að landi eftir lok tímabilsins skv. 1.—3. gr. hafi afli að einhverju leyti fengist á tímabilinu.

7. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef nauðsyn krefur.

8. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæða laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. nóvember 1980.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson

G J A J D S K R Á

fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur, og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 203.00 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitunni er heimilt að selja heitt vatn um stillanlegan, sjálfvirkan hemil, og miðast þá gjald til hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámarksrennsli, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseigenda frá tengidegi til 1. mars næst á eftir, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. mars ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

Gjald fyrir hvern mínútuþíttra er kr. 53 112.00 á ári. Þar til vatnsmælir eða hemill hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir eða hemill bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla eða aukahemla, ef þess er óskað.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

- | | |
|--|--------------|
| a) fyrir mæla eða hemla allt að ¾“ | kr. 1 752.00 |
| b) fyrir mæla eða hemla 1“—2“ | — 3 931.00 |
| c) fyrir mæla eða hemla 3“ og stærri | — 7 860.00 |

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur ef selt er eftir vatnsmæli, en miðast við mánaðarmót ef um hemil er að ræða.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 3 666.00.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:
Rúmmál húss:

(utanmál)	m ³	Heimæðargjald
Allt að 400	805 896.00 kr.	
400—2000	805 896.00 — fyrir	400 m ³ + 645.00 kr/m ³ þar yfir.
2000—6000	1 837 896.00 — fyrir	2000 m ³ + 550.00 kr/m ³ þar yfir.
6000—10000	4 037 896.00 — fyrir	6000 m ³ + 483.00 kr/m ³ þar yfir.
Meira en 10000	5 969 896.00 — fyrir	10000 m ³ + 425.00 kr/m ³ þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum eða hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 96 753.00 í aukagjald fyrir hvern mæli eða hemil umfram þann fyrsta.

8. gr.

Hitaveitu Reykjavíkur er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með olíukyndingu.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 7 275.00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af borgarstjórn Reykjavíkur, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 10. nóvember 1980 með tilvísun til auglýsingar nr. 539/1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 320 28. maí 1980 með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 5. nóvember 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

14. nóvember 1980.

Nr. 575.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga, samkvæmt lögum nr. 67/1971 með síðari breytingum, skulu hækka um 9.52% frá og með 1. desember 1980 frá því sem þær voru í nóvember 1980. Greiðslur samkvæmt 74. gr. skulu breytast með sama hætti.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar. Úr gildi fellur reglugerð með sama heiti nr. 570 frá 7. nóvember 1980.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 14. nóvember 1980.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.